Iðnaðarráðuneytið

Hr. Finnur Ingólfsson, iðnaðarráðherra
Arnarhváli
101 REYKJAVÍK

30.09.96.

Alþingi
Erindi nr. Þ 121 / 978
komudagur 4/3 1997

Áskorun frá rafverktökum á Vesturlandi.

Hæstvirtur iðnaðarráðherra.

Við undirritaðir rafverktakar á Vesturlandi mótmælum hér með harðlega þeirri nýskipan rafmagnseftirlits - og rafmagnsöryggismála, sem í gildi hafa verið síðan árið 1993. Jafnframi því leggjum við áherslu á að starfrækt sé virkt og öflugt rafmagnseftirlit, sem miðist við þarfir og öryggi fólksins og atvinnuveganna í landinu.

Sú breyting sem gerð var á þessum öryggisþætti fyrir þremur árum, að því virðist með einkahagsmuni " skoðunarstofa "að markmiði, er ekki til bóta eins og reynslan sýnir og hefur þegar valdið skaða.

Reglugerðin sem tók gildi 1993 og gildir enn var samin af nefnd hagsmunaaðila, m.a. af eigendum einkarekinna skoðunarstofa. Nefnd þessi snérgekk öll sjónarmið er varðaði hagsmuni almennings og notenda. Sem dæmi nefnum við þann trúnað sem ríkti á milli rafverktaka og eftirlitsmanna er ekki lengur fyrir hendi, þar sem fyrri eftirlitsmenn eru nú að mestu hættir störfum.

Komin er upp marga konar sjálfsbjargarviðleitni manna til að leggja sínar eigin rafagnir og er svo að sjá að alls konar fúsk geti nú viðgengist í raflönaði, notendum til stórhættu. Fjölda annara dæma mætti nefna en verður ekki gert að sinni.

Ýmsir sáu fyrir og vöruðu við þeim breytingum og röskun er umræddum aðgerðum myndi fylgja. Ekki virðist það hafa brunið á stjórnvöldum. Er nú ekki mál að linni og litið verði til þeirra staðreynda, er reynslan hefur þegar leitt í ljós ?

Hér verður að byggja upp á samfélagslegri þjónustu hins opinbera sem er í höndum ríkis, rafveitna eða sveitarfélaga. Þessi öryggisstörf eiga að vera þannig skipulögð og unnin að þau miðist við hagsmuni almennings auk þess að grundvallast á samvinnu og trúnaði áðurnefndra starfsaðila við notendur. Eftirlitsstörfin þurfa að vera einföld í framkvæmd, hjótvirk og umfram allt laus við yfirþyrmandi skriffinnsku og óþarfa milliliði, enda miklð í húfi að ekkert bregðist.

Við skorum því á yður , hæstvirtur Iðnaðarráðherra, að óvirkar reglur sem nú eiga að heita í gildi verði sem skjótast afnumdar og lögfestar verði reglur í samræmi við það sem hér hefur verið greint, þá með þeim breytingum er menn með reynslu og þekkingu á þessum efnum kynnu að leggja til. Að okkar dómi leysir samruni RER og Löggildingarstofunnar ekki vanda rafmagnseftirlitsmála í landinu. Trúlega myndi þessi sameining verða til að festa enn frekar í sessi rándýrt og illa virkt kerfi, öllum til tjóns.

Virðignarfyllst.

Jón Ármannsson Rvk.
Ármann Ármannsson F. Eyrarv.
Sigurður Sigfússon — " —
Elyas Sveinsson — " —
Samúel Ágústsson — " —
Matthías Matthíasson — " —
Sigurður Jóhannsson — " —
Hróbjartur Hjartarson — " —
Sylfi Karlsson — " —

Halldór Björnsson fjárbóndi 20. 310 Borgarnesi.

Skrifstofa Borgarbyggðar Hjálmaskóla 311 Borgarnes

Ragnheiður Ásberg Nielsen, Kveldúlfsgötu 11. 310 Borgarnes.

Magnús Gunnarsson Fálkalæk 13 310 Bgn

Ferðaþjónustan ehf. Guðmundur Ingi Guðbrandsson 110734-4869 Ólafsvík

Ingibjörg Bjarnadóttir kt. 060354-4999. Ólafsvík.

Stefán Ólafsson. Stykkishólmi.

Helga Eiríksson Stykkishólmi

Sigurður Guðmundsson Stykkishólmi

Hilmar Hallvarðsson Stykkishólmi

Elín Guðmundsson Stykkishólmi

Páll Ólafsson. Stykkishólmi.

Stefán Einar Stefánsson Lækjarbrekku 2. Búðardal

Hilmar Oskarsson 111050-3689 Lækjarbr. 5 Búð.

Guðni Ellertsson. 020544-3829.

Sigurður Þorleifsson 241057-4079. Grundarfirði

Reynir Gústafsson 011238-4329 Grundarfirði